

Áskorun til Alþingis vegna Rammaáætlunar:

Ljóst er að Reykjanesskaginn er nú nánast fullvirkjaður þegar til lengri tíma er litið. Vísindamenn hafa bent á þetta með rökum. Talið er að jarðhitasvæðið verði e.t.v. í þúsund ár að ná upphaflegum styrk ef meira verði virkjað.

Ber ekki að treysta betur faglegum og varkárum vísindamönnum en áköfum og misvitrum stjórnmalámönnum sem sækjast eftir atkvæðum vegna næstu kosninga?

Stærstu orkuframleiðendur landsins Landsvirkjun, Orkuveita Suðurnesja og Orkuveita Reykjavíkur eru skuldugir mjög. Vaxtakjör eru breytileg sem eykur enn áhættu á kostnaðarsömum framkvæmdum.

Ýmislegt bendir til að frumframleiðsla á áli muni dragast verulega saman m.a. vegna aukinnar umhverfisvakningar og endurvinnslu, meira að segja í Bandaríkjunum.

Ferðaþjónusta er nú í miklum uppgangi og sækja flestir ferðamenn hingað vegna sérstakrar náttúru landsins. Við eigum að fara varlega í aukið rask vegna rafmagnsframleiðslu sem gæti skaðað ferðaþjónustuna.

Reykjanesskaginn býður upp á náttúrufrýrbæri á heimsvísu í örskotsfjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu og Keflavíkurflugvelli. Jafnvel ferðamenn sem stoppa stutt við, eiga kost á að skoða stórkostlegt landslag Reykjaness.

Spurning er hvort er þjóðarbúinu hagkvæmara til lengri tíma litið: Óbætanlegt rask vegna virkjana og hásensulína eða sjálfbær landnýting í þágu ferðaþjónustu og heimamanna?

Okkur þykir einkennilegt að þetta þingmál sé eingöngu lagt fyrir lðnaðarnefnd en ekki einnig Umhverfismálaráðgjafi enda er málefni þetta á sviði umhverfismála ekki síður en virkjanamála þar sem eru gjörólík viðhorf til málefnsins.

Vinsamlegast.

Guðjón Jensson 240752-2049

Úrsúla Jünemann 281250-7529

Arnartanga 43

270 Mosfellsbæ